

## Fundargerð 390

Fimmtudaginn 2. febrúar 2012, kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Bergsteinn Einarsson í fjarveru Valdimars Hafsteinssonar, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, og Sigurborg Kr. Hannesdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Pétur Grétarsson (við dagskrárlið 3), Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Dís Óladóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 11:05, bauð fundarmenn velkomna og lagði fram eftirfarandi dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Starfs- og rekstraráætlun 2012.
3. Fundargerðir lánanefndar.
4. Beiðni Fjármálaeftirlitsins um staðfestingu stjórnar.
  - a) Að kaupauki sé ekki greiddur
  - b) Samningur um innri endurskoðun.
5. Önnur mál.
6. Næsti fundur.

Dagskráin var samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar nr. 389 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

### 2. Starfs- og rekstraráætlun 2012.

Formaður fór yfir starfsáætlun Byggðastofnunar 2012.

AP kynnti rekstraráætlun og SBS fór yfir starfsáætlun þróunarsviðs og skiptingu framlaga til atvinnuþróunarfélaga.

Samþykkt var, að á hverjum stjórnarfundum verði lagt fram minnisblað sem sýni rekstur stofnunarinnar í samanburði við áætlun og yfirlit yfir hvaða verkefnum unnið hefur verið að.

Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar 2012 samþykkt samhljóða.

### 3. Fundargerðir lánanefndar.

*Fundargerð lánanefndar nr. 16/11, 21. desember 2011.*

AP og PG fóru yfir fundargerðina.

...

Fundargerðin staðfest.

*Fundargerð lánanefndar nr. 17/11, 20. janúar 2012.*

AP og PG fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

PG vék af fundi.

#### **4. Beiðni fjármálaeftirlitsins um staðfestingu stjórnar.**

*a) Að kaupauki sé ekki greiddur.*

Með dreifibréfi til fjármálafyrirtækja, dagsettu 12. janúar 2012, áréttaf Fjármálaeftirlitið að öll fjármálafyrirtæki þurfi að senda upplýsingar til Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi. Óskað er eftir greiningu á fyrirliggjandi kaupaukakerfi skv. 5. gr. kaupaukareglna nr. 700/2011, eða staðfestingu stjórnar á að kaupauki verði ekki greiddur út árið 2012.

Stjórn staðfestir að ekki verður greiddur kaupauki árið 2012. Fjármálaeftirlitinu verður sent bréf þessu til staðfestingar.

*b) Samningur um innri endurskoðun.*

Kynntur var samningur um innri endurskoðun milli Byggðastofnunar, Hrefnu Gunnarsdóttur endurskoðanda hjá Ernst & Young og Ríkisendurskoðunar um innri endurskoðun Byggðastofnunar sem gerður var í ágúst 2011.

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

*Með vísan til leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011, sbr. liður II.1, og sbr. 16. gr. laga nr. 161/2002 m.s.br., samþykkir stjórn Byggðastofnunar að fela Hrefnu Gunnarsdóttur, kt. xxxxxx-xxxx, endurskoðanda hjá Ernst&Young hf. innri endurskoðun stofnunarinnar. Stjórn Byggðastofnunar staðfestir með bókun þessari samning við Hrefnu um þjónustuna, dags. 3. ágúst 2011 og undirritaðan af Aðalsteini Þorsteinssyni forstjóra f.h. Byggðastofnunar og Sveini Arasyni ríkisendurskoðanda.*

Samþykkt samhljóða.

#### **5. Önnur mál**

...

...

### *Eyrarrósin*

Samningur Byggðastofnunar og Listahátíðar í Reykjavík um Eyrarrósina er útrunninn. Samþykkt að fela forstjóra að ganga til samninga um endurnýjun hans.

### *Sáttargerð vegna brots á lögum um verðbréfavíðskipti.*

AP sagði frá sátt sem Fjármálaeftirlitið og Byggðastofnun gerðu með sér vegna brota stofnunarinnar á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Með sáttinni gekkst Byggðastofnun sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa ekki skilað lista yfir fruminnherja til Fjármálaeftirlitsins með réttum hætti innan tilskilins frests.

### *Vikukorn*

Rætt var um að virkja heimasíðu og póstlista betur með vikulegum fréttapistlum.

## **6. Næsti fundur**

Næsti fundur verður haldinn á suðurnesjum. Tímasetning verður ákveðin síðar.

Að dagskrá lokinni komu fulltrúar frá Sambandi Sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, þeir Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri, Sigurjón Þórðarson, varaformaður, Adolf H. Berndsen og Ágúst Þór Bragason til viðræðna við stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____